



KVENNASKÓLINN
Í REYKJAVÍK

Útgáfudagur 02.02.2026

Ábyrgðaraðili: Skólameistari

Leiðbeiningar um viðbrögð í neyðartilvikum

11 Viðbrögð við áföllum

Leiðbeiningarnar eiga við áður en lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á staðinn. Eftir að lögregla kemur skal hlýða fyrirmælum hennar og starfa í samráði við hana.

Í þessum kafla er fjallað um fyrstu viðbrögð skóla við áföllum sem snerta nemendur eða starfsmenn skóla. Skólameistari fer með stjórn neyðarstjórnar og kallar hana saman þegar þörf krefur. Hlutverk neyðarstjórnar er að virkja viðbragðsáætlun skólans svo bregðast megi fumlaust og ákveðið við, þegar áföll hafa orðið, s.s. bráð veikindi, alvarleg slys, dauðsföll eða aðrir atburðir sem líklegir eru til að kalla fram áfallastreitu og/eða sorgarviðbrögð. Áætlunin felur í sér hvað skuli gera, í hvaða röð og hver sinni hvaða hlutverki.

Dæmi um áföll eru:

- Slys/alvarleg veikindi nemanda/starfsmanns í skóla/utan skóla
- Andlát meðal starfsfólks, maka starfsfólks, barna starfsfólks, nemenda, foreldra nemenda og/eða systkina
- Aðrir ógnvekjandi atburðir sem snerta hóp starfsmanna eða nemenda s.s. ef eldur kemur upp í húsnæði skólans, náttúruhamfarir eða stórslys

Miklu máli skiptir að kennarar eða starfsmenn sem veita áfallahjálpi séu rólegir og gefi sér nægan tíma. Mikilvægt er að sá sem verður fyrir áfalli finni að hann sé öruggur og geti treyst þeim sem eru hjá honum og að farið sé á afvikinn stað svo viðkomandi verði ekki fyrir truflun. Sá sem fyrir áfalli verður þarf að finna fyrir hlýju, vinsemd, líkamlegri nálægð, fá virka hlustun sem felur í sér skilning, stuðning og viðurkenningu. Staðreyndir þarf að skýra og reyna að fá þolandann til þess að horfast í augu við raunveruleikann, jafnframt því að viðhalda raunsærri von. Honum er nauðsyn að eiga möguleika á því að tjá sig um reynslu sína til að koma skipulagi á tilfinningar sínar og hugsun.

Ef slys hefur borið að höndum í skóla hefur það vitaskuld forgang að veita líkamlega skyndihjálpi, kalla til sjúkralið en einnig tryggja eftir föngum að ekki fari órökstuddar fréttir af atburðinum milli manna.

Sálræn skyndihjálpi felst í því að kennarar og starfsmenn skóla hlúi að og séu til staðar með því að beita virkri hlustun, róa og hugga nemendur og starfsfólk og leyfa þeim að fá sem eðlilegasta útrás fyrir tilfinningar sínar sem geta birst á mismunandi hátt, m.a. sem grátur, ógleði, skjálfti og köfnunartilfinning en geta líka verið doði, tómleikatilfinning, fólksfælni og þörf fyrir einveru. Leggja skal alla áherslu á það sem er hér og nú og sýna umhyggju og viðveru með því að leyfa einstaklingnum að tala án þess að beita þrýstingi.

Eftirsóknarvert er að starfsfólk fái kynningu og/eða námskeið um sálræna skyndihjálp þannig að það geti betur brugðist við þegar á reynir.

11.1 Fyrstu viðbrögð

- Sá sem fyrstur fær upplýsingar um dauðsfall eða alvarlegt slys kemur þeim til yfirstjórnar skólans. Upplýsingar fara ekki lengra fyrr en skólameistari hefur gefið fyrirmæli um það
- Yfirstjórn skólans aflar staðfesta upplýsinga hjá lögreglu/forráðamönnum eða öðrum sem málið varðar. Foreldri/forráðamaður jafnvel fenginn á staðinn
- Skólameistari kallar neyðarstjórn skólans saman á fund þar sem verkum er skipt og fyrstu aðgerðir ákveðnar. Fyrsti fundur ætti að vera stuttur
- Einhver úr neyðarstjórn og námsráðgjafi kalla til nemanda (ef um slíkt mál er að ræða) og flytur honum fregnir af andláti/slysi. Hlúð er að nemandanum eins og unnt er og leitað aðstoðar eftir því sem hæfir hverju sinni
- Skólameistari kallar kennara og aðra starfsmenn skólans saman til að tilkynna hvað gerst hefur og hvernig skólinn hyggst taka á málum
- Skólameistari sér um að upplýsingar berist til alls starfsfólks skólans, s.s. starfsfólks í nemendaeldhúsi, á bókasafni, í starfsmannaeldhúsi, í íþróttahúsi, á skrifstofu, ræstingarfólks og húsvarðar. Mikilvægt er að umsjónarkennari/ar þess/peirra nemenda er málið varðar fái upplýsingar sem fyrst. Hringja þarf í þá sem ekki eru á staðnum
- Athuga þarf hvort einhver nemandi/nemendur/starfsmaður/starfsmenn tengjast atburðinum/slysinu/dauðsfallinu sérstaklega og þurfi að fá upplýsingar um atburðinn í einrúmi áður en nemendahópnum er tilkynnt um það sem gerst hefur

Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annars staðar á internetinu.

11.2 Viðbrögð við andláti

- Hefjast strax handa! Erfitt er að leiðrétta sögusagnir eftir á, því verður að bregðast skjótt við
- Fáðu staðfestingu á andláti hjá aðstandendum, lögreglu, sjúkrahúsi eða presti
- Skólameistari/aðstoðarskólameistari hefur samband við námsráðgjafa/umsjónarkennara til að annast persónuleg mál nemenda sem tengist áfallinu
- Neyðarstjórn skólans er kölluð saman ef sá látni er nemandi skólans eða starfsmaður. Farið yfir verkaskiptingu og aðgerðir skólans
- Samskipti við fjölskyldu þess látna (ef um nemanda er að ræða) eru í höndum námsráðgjafa/skólastjórnenda sem njóta aðstoðar umsjónarkennara ef þurfa þykir
- Öll samskipti við lögreglu og fjölmiðla eru í höndum skólameistara
- Húsvörður flaggar fána skólans í hálfa stöng að tilkynningu lokinni og eins á útfarardegi
- Ef skólanum berst tilkynning um áfall er snertir nemandi skólans skal tilkynna neyðarstjórn skólans um það um leið og upplýsingar berast. Einnig skal skólameistari/aðstoðarskólameistari tilkynna kennurum sem kenna viðkomandi nemanda um atburðinn eins fljótt og auðið er

11.3 Viðbrögð við andláti nemanda

- Skólameistari/aðstoðarskólameistari tilkynnir neyðarstjórn skólans um atburðinn
- Skólameistari kallar starfsmenn skólans saman þar sem þeim er tilkynnt hvað gerst hefur og hver viðbrögð skólans muni vera
- Skólameistari/aðstoðarskólameistari, umsjónarkennari og námsráðgjafi segja nemendum frá atburði í skólastofu og/eða á sal. Gæta þarf þess að allir nemendur fái fregnina á svipuðum tíma.

Gefa verður einstökum nemendum kost á að ræða um atburðinn og líðan sína. Hugsanleg eftirfylgd við einstaka nemendur/nemendahópa

- Skólameistari/aðstoðarskólameistari eða námsráðgjafi hafi samband við fjölskyldu hins látna sem fyrst (til dæmis með heimsókn og/eða blómasendingu) og rætt um hvernig skólinn minnst hins látna
- Samúðarkveðjur frá samnemendum og skóla
- Minningarathöfn í skóla eða kirkju í samráði við prest og fjölskyldu
- Minningargrein birt í blaði sem kveðja frá skóla
- Kennsla felld niður á útfarardag eftir því sem við á
- Nemendur fá að tjá sig um frágallið þótt einhver tími sé liðinn

11.4 Viðbrögð við andláti starfsmanns

- Samstarfsmönnum strax tilkynnt um andlát
- Samband er haft við aðstandendur, til dæmis með heimsókn og/eða blómasendingu
- Fulltrúar skólans bjóða aðstoð við útfararundirbúning og útför
- Minningarathöfn um hinn látna haldin í skólanum eða kirkju fyrir nemendur
- Samstarfsmenn sjái til þess að minningargrein eða kveðja birtist í blaði og/eða á heimasíðu skólans
- Kennsla felld niður eftir hádegi útfarardag

11.5 Viðbrögð við andláti nákomins ættingja nemanda

- Skólameistari/aðstoðarskólameistari tilkynnir neyðarstjórn skólans og kennurum sem kenna viðkomandi nemanda, um atburðinn
- Skólastjórnendur/námsráðgjafi og umsjónarkennari tilkynni samnemendum viðkomandi nemanda hvað gerst hafi (eftir atvikum)
- Farið sé með blóm/minningargjöf frá skólanum/skólafélögum (við foreldramissi) og hafi námsráðgjafi/skólastjórnendur/umsjónarkennari samband við hlutaðeigandi nemanda og kanni líðan hans og undirbúi komu hans í skólann
- Kannaður verði vilji nemandans til frekari viðbragða og óskir hans virtar